

Sagnþraut 3

Þú átt í suður ...

Suður



Norður gefur. AV á hættu. Sveitakeppni.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	Pass	1 ♠	Dobl
4 ♠	Pass	Pass	???

Tvær spurningar:

- (1) Hver er sögnin við 4♠?
- (2) Ertu sammála doblinu á 1♠?

gildir til 22. júní 2007

Hægt að svara á "Spjallinu", í Sumarbridge hjá BSÍ eða í tölvupósti: gpa@simnet.is

Sagnþraut 2 - svör

Allt spilið ...

V/Enginn	NORÐUR	
	♠ ÁD10932	
	♥ 732	
	♦ Á5	
	♣ Á10	
VESTUR		AUSTUR
♠ G4		♠ K876
♥ 96		♥ G54
♦ KG109762		♦ D43
♣ 92		♣ G65
	SUÐUR	
	♠ 5	
	♥ ÁKD108	
	♦ 8	
	♣ KD8743	

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
3 ♦	3 ♠	4 ♦	???

Spilið er frá landsliðsmóti í USA 1985, en var notað sem *panel*-þraut í bandaríska mánaðarritinu **ACBL-Bridge Bulletin** í apríl 1998. AV-hendurnar fylgdu ekki með, en ég hef sett upp líklegt útlit - GPA.

Marty Bergen: 7G !

Ég man eftir spilinu. En grínlaust, þá líst mér best á 5G - "veldu slemmu, makker". Mér hugnast ekki 5♦, því makker mun túlka það sem spaðastuðning.

Gitelman: Dobl.

Svardobl og í raun fáránlegt með þessa hönd, en mér þykja aðrir kostir verri. Það væri hreint skot í myrkri að veðja á annan litinn minn (4♥ og 5♣) og ef makker passar doblið ætti uppskeran að

vera sæmileg. Ég mun spyrja um lykilsþil ef makker segir 4♥ við doblinu, hækka 5♣ í sex og reyna svo að giska á 5-6♣ yfir hinum mjög svo líklegu 4♠.

Oshlags-hjónin: Dobl.

Alveg örugglega ekki refsing eftir að mótherjarnir hafa hindrað og hækkað undir geimi. Doblíð vísar því á ósögðu litina. Auk þess eigum við góða vörn, svo það ætti að vera í lagi ef makker passar. En sögnin sem við vildum helst geta sagt er 5G til að biðja makker að velja á milli litanna okkar. En mun makker skilja sögnina þeim skilningi - frekar en til dæmis sem áskorun í 7♠?

Sue Picus: 4♥.

Melda svo 5♣ við 4♠.

Kantar og Rigal: 4♥.

Telja báðir að doblíð sé sekt og velja ódýrasa geimið til að gefa makker færi á 4♠ - sem þeir hyggjast passa.

MaCallum: 5♣.

En 4♥ er líka freistandi, því hjartað er gott og þrepið lægra. En það eru meðmæli með 5♣ að liturinn er lengri, líkur á fitti eru heldur meiri (makker doblaði ekki 3♦) og svo gæti andstaðan sagt 5♦ og þá má koma hjartalitnum að.

Bandarísku spekingarnar, stig

Sögn	Fjöldi	Stig
4 ♥	6	100
Dobl	6	90
5 ♣	3	70
6 ♣	1	40
5 G	1	40

Sagnþraut 2 - svör, frh ...

Allt spilið - aftur ...

V/Enginn	NORÐUR	
	♠ ÁD10932	
	♥ 732	
	♦ Á5	
	♣ Á10	
VESTUR		AUSTUR
♠ G4		♠ K876
♥ 96		♥ G54
♦ KG109762		♦ D43
♣ 92		♣ G65
	SUÐUR	
	♠ 5	
	♥ ÁKD108	
	♦ 8	
	♣ KD8743	

Vestur	Norður	Austur	Suður
3 ♦	3 ♠	4 ♦	???

Íslensk rök af Spjallinu ...

Bessi: Dobl.

Erfiðara problem kemur svo þegar makker meldar 4♠ (líklegast) hvort maður meldar 6♣ eða láti 5♣ nægja, en báðar sagnir sýna tvíflita ♣/♥-hönd. Ég hugsa að ég myndi melda 6♣ við borðið og vona það besta. Jafnframt vona ég að makker taki ekki upp á því að passa 4♦ dublaða - en það gæti þó verið rétt ákvörðun ef hann á til dæmis skiptinguna 6-2-3-2 og tígulpunkta.

Ómar Olgeirsson: Dobl.

Sammála Bessa að melda 6♣ í næsta hring. Langar þó dálítið til að segja 5G “pick a slam” (myndi segja 5♦ með spaðastuðning). Hættan við 5G (veruleg) er að makker sé ekki á sömu bylgjulengd.

Hættan við doblið eru jú að makker gæti tekið upp á að passa þegar hann á nokkuð jafnskipta hönd en við eigum slemmu, til dæmis í 6-3 fitti í laufi. Hann býst ekki við svona mikilli skiptingu með doblinu. Ef til vill er verið að fiska eftir 4G, en sú sögn sýnir í sumum sagnbaráttustöðum tvo lit, en þarna er makker búinn að segja hálit og þá nota ég 4G sem ásasurningu.

Gunnar Björn Helgason: Dobl.

Og vona bara að makker passi ekki. Vona að ég fái 4♥ eða 5♣ frá makker, sem ég hækka í sex. Við 4♠, sem makker meldar líklega, ætla ég að melda 6♠. Annars er rosa freistandi að hoppa bara beint í 6♣ því makker þarf ekki að eiga nema laufás annan og spaðaás til að slemman sé mjög góð. Og makker er líklegur til að koma inná með ♠ÁKxxxx ♥x ♦Dxx ♣Áx, en ef hann á ♠ÁKDxxxx ♥x ♦xx ♣Áx þá langar mig til að vera í spaðaslemmu. En ætli doblið sé ekki besti kosturinn til að loka ekki alveg á makker.

Snorri Karlsson: Dobl.

Ég dubla og melda 6♣ við 4♠.

Það er klárlega erfitt að koma skiptingunni til skila og því þarf að veða hvað valkostur er skástur. Skoðum möguleikana:

(A) 5G er “pick a slam” og sýnir a.m.k. fimm hjörtu og fimm lauf, hugsanlega með lengra lauf en hjarta. En hætta á að tapa 6-2 fittinu í laufi, sem byggist á því að makker eigi helst Áx (eða Gx). - Með því að dubla fyrst og stökkva svo í 6♣ býst makker við 6-lit í laufi og fjórlit í hjarta, en þar sem 3♠ innákomu nánast neitar 4-lit í hjarta getur hann með góðri samvisku stungið upp á 6♥ með þrílit.

Sagnþraut 2 - svör, frh ...

Allt spilið - enn aftur ...

V/Enginn	NORÐUR	
	♠ ÁD10932	
	♥ 732	
	♦ Á5	
	♣ Á10	
VESTUR		AUSTUR
♠ G4		♠ K876
♥ 96		♥ G54
♦ KG109762		♦ D43
♣ 92		♣ G65
	SUÐUR	
	♠ 5	
	♥ ÁKD108	
	♦ 8	
	♣ KD8743	

Vestur	Norður	Austur	Suður
3 ♦	3 ♠	4 ♦	???

Snorri frh:

(B) 4G er varla inni í myndinni þar sem estir spila það sem ásaspurningu, en hvort það er skynsamlegt er annað mál.

(C) 5-6♣ koma engan veginn til greina þar sem þessar meldingar jarða alveg hjartalitinn.

(D) Og 5♦ hljóta að vera spaðasamþykkt.

(E) 4♥ og síðan 6♣ við 4♠ myndi sýna 6♥/5♣. Þó að makker megji passa 4♥ myndi ég melda það ef hjarta og laufi væri víxlað. -

Samantekið:

Það ber ekki mikið á milli 5G og dobls. Helsti ókosturinn við báðar leiðir er náttúrulega einspilið í spaða, þar sem það er raunveruleg hættu á að við endum í vöndum 6♠. Kosturinn við 5G er sá að hjartalitnum er haldið skýrt inni, ókostur er að við munum alltaf spila slemmu. Kosturinn

við dobl er sá að ef makker passar þá standa oft ekki sex, ókosturinn er kannski sá að makker sé ekki á sömu bylgjulengd og maldi ekki 3-litinn sinn í hjarta yfir 6♣.

Sveinn Rúnar Eiríksson: 4♥.

Ég ætla að fara í minnihlutahópin og melda 4♥. Ef makker melder 4♠ þá kem ég hinum litnum að. Smá óstuð ef slemma stendur, en ég ætla að gefa makker séns að hafa meldað 3♠ með lítið. Svo segi ég bara *sorri partner* ...

Guðm. Páll Arnarson: 5G.

Mér sýnist að estir séu sammála um þrennt: (1) Að 4G sé spurning um lykilspl með spaða sem tromplit. (2) Að 5♦ sé áskorun í spaðaslemmu (væntanlega með stuttan tígul úr því að 4G bjóðast líka). (3) Að 4♥ og 5♣ séu eðlilegar litasagnir og auðvitað ekki kröfur. - Vafamálin snúa að doblinu (alla vega hjá þeim bandarísku) og 5G. Ég get vel skilið að doblið vefjist fyrir mönnum, enda sýnir það fyrst og fremst *punkta ÁN* spaðastuðnings.

Myndi maður ekki dobla með ...

♠ xx ♥ ÁDx ♦ Dxx ♣ KDxxx?

Auðvitað. Ef makker er atur (5224, 5323, 6223) er líklegra en ekki að hann passi þó svo hann viti vel að dobl okkar sé ekki byggt á tígulstyrk. Því er ég hræddur við doblið og vel 5G.

Íslensk svör af spjallinu og BSÍ ...

Sögn	Fjöldi
Dobl	14
4 ♥	4
6 ♣	4
4 G	1
5 ♣	1
5 G	1

HVERNIG VILTU VERJAST?

Þú ert í austur ...

NORÐUR

♠ Á

♥ D10987

♦ 1063

♣ G874

AUSTUR

♠ G864

♥ G4

♦ DG52

♣ 632

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Pass	2 ♦ *	Pass	2 G **
Pass	3 ♣ ***	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

* Multi - veikir tveir í hálit.

** Spurning.

*** Lágmark með hjarta.

Útspil: ♠ 10.

Viltu kalla eða vísa frá í fyrsta slag?

“Lausn” á varnarþraut

Hvernig á að verjast gegn 3G?

NORÐUR			
♠ Á			
♥ D10987			
♦ 1063			
♣ G874			
VESTUR		AUSTUR	
♠ 1092		♠ G864	
♥ K6532		♥ G4	
♦ K94		♦ DG52	
♣ K5		♣ 632	
SUÐUR			
♠ KD753			
♥ Á			
♦ Á87			
♣ ÁD109			

Vestur	Norður	Austur	Suður
Sverrir	Grötheim	Aðalsteinn	Aa
Pass	2 ♦	Pass	2 G
Pass	3 ♣	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

Spilið er frá **Norðurlandamótinu í Lillehammer**, fyrri umferð Íslands og Noregs í opna okknum.

Sverrir hafði litlar upplýsingar frá sögnum, svo það var eðlilegt að byrja á spaðatíu.

Ásinn átti slaginn og Aðalsteinn kallaði með fjarka. Sagnhafi lét laufgosann svífa til Sverris í öðrum slag, sem hélt galvaskur áfram með spaðann. Þar með hafði sagnhafi tíma til að fría fimmta spaðann.

Eins og sést, hnekkir Sverrir spilinu með því að skipta yfir í tígul, en því skyldi hann gera það eftir kallið?

Víkur þá sögunni til Aðalsteins. Hvers vegna kallaði hann í spaða?

Svarið liggur í útspilsreglunum. Ef ég man rétt spila þeir þeir félagar ofan af “smábrotnum” röðum, en þriðja frá “stórbrotnum” röðum. Sem sagt: tían væri rétta útspilið frá D109(xx), en nían kæmi út frá K109(xx) og Á109(xx). Frá bæjardyrum Aðalsteins gat Sverrir því átt D109(xx), en þá er nauðsynlegt að kalla út á gosann.

Það er því ósanngjarnt að gagnrýna Alla. Sökin er þeirra beggja - að nota slíka reglu! Því ekki bara að spila **ALLTAF** út þriðja frá brotinni röð? Ef tían neitar herra háspili er einfalt fyrir Aðalstein að vísa frá og jafn auðvelt fyrir Sverri að skipta yfir í tígul.

Messa: Þeir fordómar hafa komist á að það sé fyrir minni spámenn að nota nákvæmar útspilsreglur - hinir snjöllu spili loðið út til að hjálpa sagnhafa ekki neitt. Það er talið til marks um mikla kunnáttu að spila “öðru frá brotinni” og “attitute” frá lengd frekar en gamaldags “fjórða hæsta”. Sjálfur var ég á þessari línu lengi vel, en í seinni tíð hef ég látið mér skiljast að vörninni veitir ekkert af allri þeirri hjálpi sem í boði er. Skítt með það þótt sagnhafi græði einstaka sinnum. - GPA

PS. Á hinu borðinu kom Furunes út með tígul gegn Þorláki, enda var bæði búið að melda hjarta í norður og spaða í suður.